

REGLUGERÐ

um atvinnusjúkdóma.

I. KAFLI

Gildissvið og markmið.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um viðurkenningu á rétti slysatryggðra skv. lögum nr. 45/2015, um slysatryggingar almannatrygginga, með síðari breytingum, til bóta vegna atvinnusjúkdóma sem þeir hafa verið greindir með, sbr. 5. gr. laganna og III. kafla reglugerðar þessarar.

2. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessara er að tryggja slysatryggðum bætur frá almannatryggingum vegna atvinnusjúkdóma sem þeir hafa greinst með, óháð tekjum þeirra, sbr. lög um slysatryggingar almannatrygginga.

II. KAFLI

Stjórnsýsla.

3. gr.

Umsókn slysatryggðs um bætur.

Sjúkratryggingar Íslands annast framkvæmd reglugerðar þessarar, sbr. lög um slysatryggingar almannatrygginga, nr. 45/2015, og lög um sjúkratryggingar, nr. 112/2008. Sjúkratryggingum Íslands er meðal annars falið að meta hvort sjúkdómur sem hinn slysatryggði hefur greinst með telst hafa orsakast af vinnu eða starfsumhverfi hins tryggða á grundvelli læknisfræðilegra gagna eða annarra viðurkenndra gagna.

Slysatryggðum er heimilt að sækja um bætur vegna atvinnusjúkdóma sem þeir hafa greinst með, sbr. 5. gr. reglugerðar þessarar. Með umsókninni skulu fylgja öll læknisfræðileg gögn sem málið varðar ásamt upplýsingum um núverandi og fyrrverandi vinnustaði hins tryggða og önnur nauðsynleg gögn sem hann telur geta sýnt fram á tengsl milli skaðlegra áhrifa áhættuþátta í starfsumhverfi og sjúkdómsins. Sjúkratryggingar geta óskað eftir öðrum gögnum við meðferð málsins hjá hinum slysatryggða eða öðrum samkvæmt umboði hins slysatryggða, svo sem heilbrigðisstarfsfólki, atvinnurekendum, tryggingafélögum, rannsóknarstofum eða Vinnueftirlitinu, þannig að málið teljist upplýst áður en ákvörðun er tekin um rétt til bóta, sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Sjúkratryggingar Íslands skulu við afgreiðslu umsókna um bætur vegna atvinnusjúkdóma fara að reglugerð þessari og leiðbeiningum Evrópusambandsins um greiningu atvinnusjúkdóma, lögum um slysatryggingar almannatrygginga, nr. 45/2015, lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, og stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

4. gr.

Kæruheimild.

Slysatryggðum er heimilt að kæra ákvarðanir Sjúkratrygginga Íslands um synjun um bætur til úrskurðarnefndar velferðarmála. Stjórnsýslukæra skal berast nefndinni skriflega innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina. Kæra telst nógu snemma fram komin ef kærubréf hefur borist nefndinni eða verið póstaglagt áður en fresturinn rennur út. Að öðru leyti gilda lög nr. 85/2015, um úrskurðarnefnd velferðarmála, og stjórnsýslulög um málsmeðferð stjórnsýslukæru.

III. KAFLI

Orsakasamband milli sjúkdóms og starfsumhverfis hins tryggða.

5. gr.

Atvinnusjúkdómur.

Sjúkdómur sem talinn er upp í viðauka I við reglugerð þessa telst atvinnusjúkdómur í skilningi þessarar reglugerðar þegar hann er talinn að mati Sjúkratrygginga Íslands hafa orsakast af vinnu eða starfsumhverfi hins slysatryggða, sbr. einnig 6. og 7. gr. reglugerðar þessarar og leiðbeiningar Evrópusambandsins um greiningu atvinnusjúkdóma.

6. gr.

Orsakasamband við vinnu eða aðstæður í starfsumhverfi.

Við mat á því hvort sjúkdómur sem talinn er upp í viðauka I við reglugerð þessa geti talist atvinnusjúkdómur, sbr. 5. gr., skulu eftirfarandi skilyrði vera fyrir hendi:

- a. Klínísk birtingarmynd sjúkdómsins, þar á meðal einkenni og niðurstöður rannsókna, skal vera í samræmi við þekkingu á áhrifum þess að hinn slysatryggði sé útsettur fyrir tilteknum áhættuþáttum, sem koma fyrir eða hafa komið fyrir í starfsumhverfi hins tryggða, á heilsu hans. Við greiningu getur í sumum tilvikum verið stuðst við viðeigandi rannsóknir.
- b. Skýr tengsl skulu vera milli þess að hinn slysatryggði hafi verið útsettur fyrir tilteknum áhættuþáttum skv. a-lið og varanlegra skaðlegra áhrifa á heilsu hans. Sýna skal fram á hin skaðlegu áhrif með því að taka saman svo sem áhættuþætti, atvinnusögu hins slysatryggða, niðurstöður mengunarmælinga á vinnustað, þegar það á við, og skráningu atvika þar sem mengun hefur farið yfir mengunarmörk, sbr. reglugerð um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum, nr. 390/2009.
- c. Tímabilið frá því að hinn slysatryggði var útsettur fyrir tilteknum áhættuþætti í starfsumhverfi sínu og þar til að hin skaðlegu áhrif koma fram verður að vera í samræmi við það sem vitað er um heilsufarssögu viðkomandi, meinafræði sjúkdómsins og læknisfræðilega framvindu hans. Hinn slysatryggði verður að hafa verið útsettur fyrir tilteknum áhættuþáttum áður en klínísk birtingarmynd kemur fram. Engu að síður útilokar heilsufarssaga hins slysatryggða ekki sjálfkrafa möguleikann á því að starfsumhverfi hafi getað valdið hinum klínísku einkennum.
- d. Mat á því hvort klínísk birtingarmynd sjúkdómsins kunni að orsakast af öðrum ástæðum en aðstæðum í starfsumhverfi þar sem hinn slysatryggði hefur starfað þarf að hafa farið fram.

7. gr.

Leiðbeiningar um mat á því hvort sjúkdómur telst atvinnusjúkdómur.

Við mat á því hvort sjúkdómur sem talinn er upp í viðauka I við reglugerð þessa geti talist atvinnusjúkdómur, sbr. 5. gr., skal m.a. líta til eftirfarandi atriða, eftir því sem við á:

- a. Hvort hinn slysatryggði hafi verið útsettur fyrir tilteknum áhættuþáttum í starfsumhverfi sínu, til dæmis mengun, í svo miklu magni að hafi getað valdið klínískum einkennum en það er misjafnt eftir einstökum áhættuþáttum, sbr. einnig leiðbeiningar Evrópusambandsins um greiningu atvinnusjúkdóma.
- b. Hvort hinn slysatryggði hafi verið útsettur fyrir tilteknum áhættuþáttum skv. a-lið nægjanlega lengi í starfsumhverfi sínu til að geta orðið fyrir skaðlegum áhrifum þeirra en tímalengdin getur verið misjöfn eftir einstökum áhættuþáttum, sbr. einnig leiðbeiningar Evrópusambandsins um greiningu atvinnusjúkdóma.
- c. Hvort of langur tími sé liðinn frá því að hinn slysatryggði var útsettur fyrir tilteknum áhættuþáttum skv. a-lið í starfsumhverfi sínu og þangað til að einkennin komu fram, sbr. einnig leiðbeiningar Evrópusambandsins um greiningu atvinnusjúkdóma.
- d. Hvort nægur tími hafi liðið frá því að hinn slysatryggði hóf störf þar sem hann var útsettur fyrir tilteknum áhættuþáttum skv. a-lið þar til klínísk birtingarmynd sjúkdómsins kom fram þannig að orsakasamband geti verið milli áhættuþátta og sjúkdómsins, þ.e. hvort meðgöngutími sjúkdómsins hafi verið nægilega langur miðað við læknisfræðilega þekkingu á meinafræði sjúkdómsins.

Um nánari leiðbeiningar vísast til leiðbeininga Evrópusambandsins um greiningu atvinnusjúkdóma.

8. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. mgr. 5. gr. a og 23. gr. laga um slysatryggingar almannatrygginga, nr. 45/2015, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðisráðuneytinu, 23. mars 2023.

Willum Þór Þórsson.

Guðlaug Einarsdóttir.

VIÐAUKI I

Listi yfir bótaskylda atvinnusjúkdóma.

1. Sjúkdómar að völdum eftirtalinna efna:

- 100 Akrýronítríl
- 101 Arsenik og sambönd þess
- 102 Berýllium eða sambönd þess
- 103.01 Kolmónoxíð
- 103.02 Koloxýklóríð
- 104.01 Blásýra
- 104.02 Cýaníð og önnur sambönd af þeim
- 104.03 Ísocýanöt
- 105 Kadmíum eða sambönd þess
- 106 Króm eða sambönd þess
- 107 Kvikasilfur eða sambönd þess
- 108 Magnesíum eða sambönd þess
- 109.01 Saltpéturssýra (nitric acid)
- 109.02 Köfnunarefnis oxíð
- 109.03 Ammoníak
- 110 Nikkel eða sambönd þess
- 111 Fosfór eða sambönd hans
- 112 Blý og sambönd þess
- 113.01 Brennisteinsoxíð
- 113.02 Brennisteinssýra
- 113.03 Koldísúlfíð
- 114 Vanadíum eða sambönd þess
- 115.01 Klór
- 115.02 Bróm
- 115.04 Joð
- 115.05 Flúor og sambönd þess
- 116 Keðju- eða hringsambönd kolvatnsefna (Aliphatic eða alicyclic hydrocarbons) gerð úr bensínufu eða bensíni

- 117 Halogeneraðar afleiður keðju- eða hringsambanda kolvatnsefna
- 118 Butýl, metýl og ísoprópýl alkóhól
- 119 Etýlen glýkól, díetýlen glýkól, 1,4-butanediól og nitur afleiður glýkóls og/eða glyceról
- 120 Metýl eter, etýl eter, ísoprópýl eter, vínýl eter, díklórísóprópýleter, guaiakól, metyl eter og etýl eter af etýlen glýkól
- 121 Asetón, klórasetón, brómasetón, hexaflúorasetón, metýl etýl ketón, metýl n-butýl ketón, metýl ísobútýl ketón, díasetón alkóhól, mesítýl oxíð, 2-metýlcyclohexanón
- 122 Lífrænar fósforestrar (organophosphorus esters)
- 123 Lífrænar sýrur
- 124 Formaldehyð
- 125 Klórkolvatnsefna afleiður af nitri
- 126.01 Benzene eða hliðstæður þess (hliðstæður eru skilgreindar með formúlunni: C_nH_{2n-6})
- 126.02 Naphthalene eða naphthalene hliðstæður þess (hliðstæður naftalens eru skilgreindar með formúlunni: C_nH_{2n-12})
- 126.03 Vínýlbensen og dívínýlbensen
- 127 Halogen afleiður af hringlaga kolvatnsefnum
- 128.01 Fenól eða hliðstæður þess eða halogen afleiður af því
- 128.02 Naftól eða hliðstæður þess eða halogen afleiður af því
- 128.03 Halogen afleiður alkýlarýl oxíða
- 128.04 Halogen afleiður alkýlarýl sulfónata
- 128.05 Bensóquinón sambönd
- 129.01 Arómatísk amín eða arómatísk hydrasín eða afleiður af þeim með halogenum, fenólum, nitri, nítrati eða sulfónati
- 129.02 Alifatísk amín og halogen afleiður af því
- 130.01 Nitur afleiður arómatískra klórkolvatnsefna
- 130.02 Nitur afleiður fenóls eða hluta þeirra
- 131 Antímón og afleiður þess
- 132 Estrar af saltpéturssýru (nitric acid esters)
- 133 Brennisteinsvetni (hydrogen sulphide)
- 135 Heilaáverkar (Encephalopathies) vegna lífrænna leysiefna
- 136 Fjöldaugabólgur vegna lífrænna leysiefna

2. Húðsjúkdómar sem ekki falla undir aðra liði:

- 201 Húðsjúkdómar og krabbamein í húð vegna:
 - 201.01 Sóts
 - 201.02 Jarðbiks (bitumen)
 - 201.03 Tjöru
 - 201.04 Biks (pitch)
 - 201.05 Antrasen eða sambanda þess
 - 201.06 Olíu (mineral oil)
 - 201.07 Hrá paraffíns (crude paraffin)
 - 201.08 Karbasól eða sambanda þess
 - 201.09 Fylgiefna við kolavinnslu

202 Atvinnuhúðsjúkdóma orsakaða af vísindalega viðurkenndum ofnæmisvökum eða ertandi efnum sem ekki er getið annars staðar

3. Sjúkdómar vegna innöndunar á efnum eða efnaþáttum sem ekki er getið annars staðar:

- 301 Sjúkdómar í öndunarvegi og krabbamein
- 301.11 Silikósis (steinlungu)
- 301.12 Silikósis (steinlungu) í tengslum við berkla
- 301.21 Asbestósis
- 301.22 Fleiðruþekjuæxli eftir innöndun asbests ryks
- 301.31 Pneumokóníósur vegna ryks frá silikötum
- 302 Fylgikvillar asbestósu í lungnaberkjum
- 303 Lungnaberkjukvillar vegna sindraðra málma
- 304.01 Extrinsic allergic alveolites (heymæði og skyldir sjúkdómar)
- 304.02 Lungnasjúkdómar vegna innöndunar á ryki eða þráðum frá bómull, hör, hampi, basti, sísalhampi og „bagasse“
- 304.04 Öndunarfærasjúkdómar vegna innöndunarryks frá kóbalti, tini, baríum and grafiti
- 304.05 Síderósa (járnútfellingar í lungum)
- 305.01 Krabbamein í efri öndunarvegi vegna innöndunar á timburryki
- 304.06 Ofnæmisastmi sem orsakast af innöndun efna sem sýnt hefur verið fram á að tengist ákveðinni tegund vinnu
- 304.07 Ofnæmisnefrennsli sem orsakast af innöndun efna sem sýnt hefur verið fram á að tengist ákveðinni tegund vinnu
- 306 Bandvefsmýndakvillar tengdir fleiðru sem leiða til öndunarteppu orsakaðir af asbesti
- 307 Langvinn lungnateppa eða herpa meðal námumanna í neðanjarðar kolanámum
- 308 Lungnakrabbamein vegna innöndunar asbestsryks
- 309 Berkju- og lungnakvillar tengdir innöndun ryks eða gufu frá áli eða samböndum þess
- 310 Berkju- og lungnakvillar sem orsakaðast af gjalli

4. Smit- og sníkjudýrasjúkdómar:

- 401 Smit- og sníkjudýrasjúkdómar sem berast frá dýrum eða dýraleifum í menn
- 402 Stífkrampi
- 403 Brucellosis
- 404 Lifrabólgur af völdum veira
- 405 Berklar
- 406 Amöbusýkingar
- 407 COVID-19 af völdum vinnu við sjúkdómavarnir, í heilbrigðis- og félagsþjónustu og við heimilisaðstoð, eða, í heimsfaraldri, í starfsgreinum þar sem faraldur er til staðar og sýkingarhætta hefur verið sönnuð
- 408 Aðrir smitsjúkdómar sem orsakast af vinnu við forvarnir gegn smitsjúkdómum, heilbrigðisstarfsemi, persónulegri aðstoð eða annarri aðstoð á heimili, ásamt annarri sambærilegri starfsemi þar sem hætta er á smiti

5. Sjúkdómar vegna eftirtalinna eðlisfræðilegra þátta:

- 502.01 Drer á auga vegna hitageislunar
- 502.02 Hvarmabólga í framhaldi af útfjólublárrí geislun
- 503 Heyrnardeyfa eða heyrnarleysi vegna hávaða

- 504 Sjúkdómar vegna breytinga á loftþrýstingi
- 505.01 Lið- eða beinsjúkdómar handa og úlnliðs vegna titrings af völdum véla eða tækja
- 505.02 Angioneurotískir sjúkdómar vegna titrings af völdum véla eða tækja
- 506.10 Sjúkdómar í liðpokum vegna þrýstings
- 506.11 Belgbólga undir eða ofan á hnéskel
- 506.12 Olnbogabelgbólga
- 506.13 Axlarliðsliðpokabólga
- 506.21 Sjúkdómar vegna ofálags á sinaskeiðar
- 506.22 Sjúkdómar vegna ófálags á beinhimnur
- 506.23 Sjúkdómar vegna ofálags á vöðva- eða sinafestur
- 506.30 Brjósþófaskemmd eftir langvarandi vinnu á hnjám, krjúpandi eða á hækjum sér
- 506.40 Lömun á taugum vegna þrýstings
- 506.45 Carpal tunnel heilkenni (miðtaugarklemma í úlnlið)
- 507 Augntíf námumanna (nystagmus)
- 508 Sjúkdómar vegna jónandi geislunar